



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga
og stjórnenda í velferðarþjónustu þeirra

Reykjavík 6. júlí 2020
1910022SA TP
Málalykill: 02.50

Efni: Verkefni á sviði félagsþjónustu - upplýsingar um stöðu mála í júlí 2020

Sambandið miðlar hér með upplýsingum um stöðu nokkurra verkefna sem unnið hefur verið að á vettvangi félags- og fötlunarþjónustu sveitarfélaga.

1. Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur birt umrædda reglugerð nr. 616/2020 sjá [hér](#). Reglugerðin er efnislega nánast óbreytt frá reglugerð fyrra árs. Boðað hefur verið að frekari vinna fari fram síðsumars til þess að greina hvernig verja eigi fjárstreymi í málaflokknum gagnvart áhrifum efnahagsáfalla á fjárhag ríkis og sveitarfélaga.

2. Framkvæmd NPA-samninga árið 2020

Viðbótarframlag til NPA að fjárhæð kr. 157 m.kr. er meðal fjárhagsaðgerða sem samþykktar voru í fjárukalögum fyrir árið 2020 að [tillögu](#) fjárlaganefndar:

Málaflokkur 27.3 Málefni fatlaðs fólks.

Gerð er tillaga um 157 millj. kr. einskiptisframlag til að fullfjármagna hlutdeild ríkissjóðs vegna fyrirbyggjandi samninga sveitarfélaganna um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlaða einstaklinga (NPA). Fjöldi NPA-samninga við árslok 2019 var 87 talsins og komið hefur í ljós að samningar þeir sem sveitarfélögin hafa gert og ríkið greitt 25% hlutdeild í hafa reynst verulega kostnaðarsamari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þeim sökum er gerð þessi tillaga um 157 millj. kr. hækkun sem fullfjármagnar hlutdeild ríkissjóðs í samningunum.

Sambandið telur þessa aðgerð jákvæða en hefur jafnframt óskað eftir upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu um það hvernig hún verður framkvæmd, m.a. út frá orðalagi tillögunnar.

3. Erindi NPA-miðstöðvarinnar til sveitarfélaga

Með bréfi dags. 22. júní sl. gerði NPA-miðstöðin svf. grein fyrir því að viðræður væru hafnar við Eflingu stéttarfélag um gerð nýs sérkjarasamnings vegna starfa NPA aðstoðarfólks. Í bréfinu, sem sent var sambandinu og sveitarfélögum sem NPA-miðstöðin er í samstarfi við vegna umsýslu NPA-samninga, er sveitarfélögum boðið upp á aðkomu að kjarasamningsgerðinni.

Í tilefni af þessu erindi hefur sambandið áréttað fyrri afstöðu, sem m.a. kom fram í bréfi þess dags. 15. apríl 2019 (sbr. meðf.), og felst í því að sambandið eigi f.h. sveitarfélaga, alls enga aðkomu að undirbúningi, gerð eða framkvæmd kjarasamninga þeirra sem sinna störfum aðstoðarfólks.

Sambandið hefur einnig minnt á að samstarfssamningur sveitarfélags og umsýsluaðila er í grunninn eins og hver annar samningur sem sveitarfélag gerir um kaup á þjónustu. Samningur hefur vissulega þá sérstöðu að þjónusta er keypt til hagsbóta fyrir tiltekinn íbúa. Sú sérstaða þýðir hins vegar ekki að víkja megi frá almennum meginreglum um opinber innkaup, þar á meðal um það hver beri áhættu

í samningssambandinu, forsvaranlega meðferð opinberra fjármuna og að viðeigandi ráðstafanir skuli gerðar af hálfu opinberra aðila til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði. Jafnframt þarf að tryggja gegnsæi og meðalhóf við gerð samninga.

Sambandið stefnir að því að eiga fund með forsvarsfólki NPA-miðstöðvarinnar fyrir eða um miðjan ágúst til þess að fara yfir málið og mun svara bréfinu frá 22. júní með formlegum hætti í framhaldi af þeim fundi.

4. Samræmd móttaka flóttafólks

Þær [lagabreytingar](#) sem unnið hefur verið að til þess að skjóta styrkri lagastoð undir innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks náðu ekki fram að ganga fyrir þinglausnir. Meðal annars af þeirri ástæðu hefur verið ákveðið að næsta skref í innleiðingunni verði 12 mánaða reynsluverkefni, þar sem tiltekin sveitarfélög taka að sér að sinna móttöku flóttafólks. Markmiðið með reynsluverkefninu er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um framhaldið.

Þótt tiltekin sveitarfélög hafi verið með í ráðum um þetta næsta skref (Reykjavíkurborg, Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær) er gengið út frá því að önnur sveitarfélög geti tekið þátt í umræddu 12 mánaða reynsluverkefni, standi vilji þeirra til þess og ef innviðir í þjónustunni eru til staðar. Þátttaka í reynsluverkefninu felst í því að hlutaðeigandi sveitarfélög gera þjónustusamning við félagsmálaráðuneytið á grundvelli kröfulýsingar um gerð einstaklingsmiðaðra áætlana, aðstoð við útvegum leiguhúsnæðis, aukna félagslega ráðgjöf, eftirfylgni og málstjórn.

5. Notendaráð í öldrunarþjónustu og fötlunarþjónustu

Þegar ný og endurskoðuð lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi þann 1. október 2018 komu í ljós annmarkar á ákvæðum sem sneru að notendaráðum í öldrunarþjónustu (öldungaráð) og fötlunarþjónustu (samráðshópar). Lögum hefur nú verið breytt til þess að skýra betur stöðu þessara ráða m.a. innan stjórnarsýslu sveitarfélaga.

6. Lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða

Þetta [mál](#) náði fram að ganga fyrir þinglausnir og býr til nýjan bótaflokk í almannatryggingakerfinu fyrir þá einstaklinga sem vegna búsetuskerðinga eiga lítinn sem engan rétt til almenns ellilífeyris. Stuðningurinn er ætlaður til framfærslu og er með þessu tekið af skarið um að ríkið, fremur en sveitarfélögin, standi undir útgjöldum vegna framfærslu þessa hóps. Tekið skal fram að hópurinn er ekki stór en jafnt og þétt fjölgar hins vegar í honum vegna áhrifa af búferlaflutningum á milli landa.

7. Húsnæðismál

Unnið er að gerð lokaskýrslu um sérstakan (viðbótar) húsnæðisstuðning sveitarfélaga en áður var komin út [áfangaskýrsla](#) dags. í mars 2020 um tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að af hálfu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Kópavogsbæjar og Svf. Skagafjarðar. Reiknað er með

að lokaskýrslan liggja fyrir í september og verði grundvöllur fyrir stefnumarkandi umræðu um þróun á opinberum húsnæðisstuðningi.

8. Sáttmáli SP um réttindi fatlaðs fólks

Ríkið hefur kynnt [drög að skýrslu](#) um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skýrslunni er m.a. ætlað að vera grundvöllur undir umræðu um lögfestingu sáttmálans. Mögulegt er að fjallað verði um lögfestinguna á Alþingi í haust, en það er þó háð því hvernig vinnu við kostnaðargreiningu og vindur fram í því efnahagslega ástandi sem nú ríkir.

9. Viðmið um 15 tíma í grunnþjónustu til þess að mæta þörfum íbúa fyrir félagslegan stuðning

Unnið er að því að skýra viðmið um að sveitarfélög skuli ætla allt að 15 tíma í grunnþjónustu á viku til þess að mæta þörfum íbúa fyrir félagslegan stuðning. Markmiðið er að frá og með 1. janúar 2021 verði kominn skýr rammi í lögum, reglugerðum og verklagi (m.a. um reikningsskil sveitarfélaga) varðandi það hvernig viðmiðið er framkvæmt. Næstu skref í þessu efni felast í leiðbeiningum um stuðnings- og stoðþjónustu sem reiknað er með gefnar verði út af hálfu félagsmálaráðuneytis og sambandsins í september n.k. Á haustmánuðum þarf jafnframt að fara fram fagleg vinna við skilgreiningar og mat á fjárhagslegum áhrifum þess að viðmið um allt að 15 tíma á viku sé innleitt.

Sambandið mun á næstu dögum senda út spurningalista á félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að afla gagna um það hvernig staðið hefur verið að innleiðingu á 15 tíma markinu. Þess er vinsamlegast farið á leit að viðtakendur sinni svörum um leið og komið er aftur til starfa eftir sumarleyfi þannig að niðurstöður geti legið fyrir í kringum 20. ágúst.


Að auki vekur sambandið athygli á tveimur viðburðum sem haldnir verða síðsumars:

- a) **Netnámskeið um notagildi SIS-mats** sem haldið verður mánudaginn 24. ágúst n.k. kl. 9:00 til 12:00. Námskeiðið verður keyrt í gegnum Teams.
- b) Upplýsinga- og **umræðufundur um húsnæðismál fatlaðs fólks** sem haldinn verður fimmtudaginn 3. september kl. 10:00 til 15:30 í salnum Háteigi á Grand hóteli í Reykjavík. Stefnt er að því að fundinum verði streymt til þeirra sem ekki taka þátt í honum á staðnum.

Þeir sem áhuga hafa á þátttöku í þessum viðburðum eru beðnir um að taka tímann frá.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs